

Þriðjudaginn 23. nóvember 1993.

Nr. 454/1993. **Skúli Magnússon**

gegn

Bergþóri Einarssyni,

Önnu Björgu Thorsteinson og

Sigurði Ó. Guðmundssyni

og

Valtý Sigurðssyni héraðsdómara.

Kærumál. Útivist í héraði. Málskostnaður. Niðurfelling máls. Dómarar. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. nóvember sl., er barst réttinum 8. sama mánaðar. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til g-, i-, og k-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 3. mgr. sömu greinar. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði „verði hrundið á þá leið, að málið verði að nýju tekið til löglegrar málsmeðferðar í héraði og málskostnaður í héraði verði með öllu felldur niður. Til vara er gerð krafa um, að málskostnaður í héraði verði felldur niður eða lækkaður verulega“. Hann kveðst ekki fara fram á kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, en beiðist þess, að hann verði felldur niður, fari svo, að rétturinn verði ekki við kröfum sínum.

Varnaraðilarnir Bergþór Einarsson, Anna Björg Thorsteinson og Sigurður Ó. Guðmundsson krefjast þess, að kröfu sóknaraðila verði hrundið. Þau krefjast og kærumálskostnaðar, en taka fram, að þeirri kröfu sé eigi haldið til streitu, verði hinn kærði úrskurður staðfestur.

Sóknaraðili beinir ekki sérstökum kröfum að varnaraðila Valtý Sigurðssyni héraðsdómara.

Varnaraðilinn Valtýr Sigurðsson héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar. Þar bendir hann á, að af kæru lögmanns sóknaraðila, Steingríms Þormóðssonar héraðsdómslögmanns, verði eigi séð, á hverju kæra á hendur sér sé reist. Hann gerir ekki sér-takar kröfur í málinu og krefst ekki kærumálskostnaðar.

I.

Lögmaður sóknaraðila segir þau rök fyrir kærinni, að á dómþingi í Héraðsdómi Reykjavíkur 20. september 1993, þegar héraðsdómsmálið nr. E-3003/1993 var til meðferðar, hafi hann skrifað í dagbók sína, að næst ætti að taka málið fyrir 25. október 1993 kl. 14.30. Samkvæmt endurriti þinghalds þessa hafi enginn þingvottur verið viðstaddur til að votta þá ákvörðun dómarsins. Vegna þessa haldi hann því fram, að málinu hafi 20. september 1993 verið frestað til 25. október 1993, eins og dagbók hans beri með sér, en ekki 21. október, eins og dómari haldi fram.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti endurrit af fyrirtöku sex einkamála, sem tekin voru fyrir í þinghaldinu 20. september. Kveður hann ritara ætíð vera við slíkar fyrirtökur, sem sjái um skráningu og sé jafnframt þingvottur. Ritari hafi verið viðstaddur umrætt þinghald, enda þótt hann hafi ekki ritað á endurrit úr þingbók í þessu eina máli.

Lögmaður varnaraðila kveðst hafa skráð í sína dagbók fyrirtekt málsins 21. október kl. 14.30, eins og dómari hafi ákveðið í samráði við lögmennt aðila og bókað. Ekkert bendir til annars en að lögmaður sóknaraðila hafi einfaldlega skráð fyrirtektina á rangan dag í dagbók sinni. Hann kom ekki til boðaðs þinghalds og hafði engin forföll boðað, og var dómara því skylt að fella málið niður, sbr. b-lið 1. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991. Sóknaraðili fór ekki fram á úrskurð héraðsdómara um niðurfellingu hins kærða úrskurðar, sbr. 2. mgr. 105. gr. laganna, og kemur krafa sóknaraðila þar að lútandi ekki til álita í Hæstarétti samkvæmt i-lið 143. gr. laganna.

II.

Sóknaraðili hefur með heimild í g- og k-lið 1. mgr. 143. gr. laganna krafist breytingar á ákvörðun hins kærða úrskurðar um niðurfellingu málsins og málskostnað. Sem fyrr segir, var dómara skylt að fella málið niður, og verður sú ákvörðun hans því staðfest. Í úrskurðinum ákvarðaði dómari málskostnað til stefndu, sbr. 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, að fjárhæð 75.000 krónur. Enda þótt lögmaður sóknaraðila, stefnanda í héraði, hafi sjálfur lagt fram málskostnaðarreikning í málinu, að fjárhæð 81.007 krónur, verður að telja með vísan til áratugalangrar venju, að málskostnaður til stefndu í héraði vegna niðurfellingar máls í upphafi málsmeðferðar

sé hér hæfilega ákvarðaður 30.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur um annað en málskostnað.

III.

Auk þessa hefur sóknaraðili kært héraðsdómara með vísan til 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991. Sóknaraðili hefur á engan hátt rökstutt kæru sína að þessu leyti. Er hún með öllu tilefnislaus og því ámælisverð.

Eftir atvikum þykir mega fella niður kærúmálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað. Sóknaraðili, Skúli Magnússon, greiði varnaraðilum, Bergþóri Einarssyni, Önnu Björgu Thorsteinson og Sigurði Ó. Guðmundssyni, 30.000 krónur í málskostnað í héraði.

Kærúmálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október 1993.

Mál þetta var tekið fyrir 20. september sl. að lögmönnum aðila viðstöddum. Málinu var í því þinghaldi frestað til fyrirtöku til dagsins í dag.

Af hálfu stefnanda er ekki sótt þing, og hann hefur ekki boðað lögmæt forföll. Ber því að fella mál þetta niður.

Málskostnaður til stefndu ákvarðast 75.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Mál þetta er fellt niður.

Stefnandi, Skúli Magnússon, greiði stefndu, Bergþóri Einarssyni, Önnu Björgu Thorsteinson og Sigurði Ó. Guðmundssyni, samtals 75.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.